

Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 20. mars 2013
Tilvísun: UST20130200184/bs

Kísilmálmverksmiðja PCC á Bakka við Húsavík. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 19. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda framkvæmd.

Hér er um að ræða byggingu og rekstur kísilmálmverksmiðju á Bakka við Húsavík. Verksmiðjan verður að líkindum reist í tveimur áföngum. Framleiðslugeta hvors áfanga verksmiðjunnar verður 33.000 tonn á ári eða 66.000 tonn á ári alls.

Helstu umhverfispættir sem mögulega verða fyrir áhrifum eru eftirfarandi:

Loftgæði

Í töflu 10 er gerð grein fyrir losun ýmissa loftmengunarefna. Þar kemur m.a. fram að heildarlosun brennisteinsdíoxíðs (SO₂) miðað við 66.000 tonna ársframleiðslu verði 832 tonn. Stofnunin gerir ekki athugasemd við þá tölu en bendir á að gagnlegt er að gefa líka upp forsendur fyrir mati á losun þ.e. brennisteinsinnihaldi hvers hráefnaflokks og heildarmagni hráefna.

Umhverfisstofnun óskar eftir að einnig sé gerð grein fyrir rykmyndum frá meðhöndlun hráefna þar sem það á við en í BAT um svona starfssemi er gert ráð fyrir að allt að 0,2% af hráefnum tapist sem ryk við meðhöndlun.

Einnig bendir Umhverfisstofnun á að komin eru þriðju drög að nýrri BAT skýrslu og nýju „BAT conclusion“ um framangreindan iðnað. Stofnunin óskar eftir því að rekstraraðili geri grein fyrir hvort hann getið staðið við að þau skilyrði og mörk sem sett eru fram í þessum drögum að BAT conclusions. (sjá 14.kafli í BAT skýrslunni http://eippcb.jrc.es/reference/BREF/NFMbw_17_04-03-2013.pdf)

Umhverfisstofnun telur æskilegt að fjalla um rykmengun á byggingartíma og skýra frá mögulegum mótvægisáðgerðum til að lágmarka rykmengun á byggingartíma. Rykmengun á byggingartíma verksmiðjunnar getur verið veruleg, jafnvel meiri en frá útblæstri verksmiðjunnar sjálfrar þegar hún er komin í fullan rekstur. Víða um heim er ráðist í mótvægisáðgerðir gegn rykmengun meðan á verklegum framkvæmdum stendur og sem dæmi má nefna að bandaríska verktakafyrirtækið Bectel skilgreinir ryk sem helstu umhverfisáhrif framkvæmda.

Mikil aukning verður á loftmengun með tilkomu kísilmálmsverksmiðjunnar. Hún er þó að mestu bundin við svæðið næst verksmiðjunni og reiknuð mengun fer hvergi yfir viðmiðunarmörk íslenskra reglugerða. Sum gildi geta þó farið nálægt reglugerðarmörkum. Þannig er gert ráð fyrir að ársmeðaltal SO_2 geti farið í allt að $17,9\mu\text{g}/\text{m}^3$ en viðmiðunarmörk ársmeðaltals eru $20\mu\text{g}/\text{m}^3$. Engar mælingar eru til um styrk SO_2 á svæðinu í dag en til viðmiðunar má segja frá því að ársmeðaltal SO_2 á Grensásvegi í Reykjavík hefur verið á bilinu $2-4\mu\text{g}/\text{m}^3$.

Gera má ráð fyrir því að SO_2 mengun mælist greinilega í byggð á Húsavík en samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum er ekki gert ráð fyrir því að mengun í bænum fari yfir mörk reglugerðar 251/2002. Í þeirri reglugerð eru heilsuverndarmörk SO_2 fyrir sólarhring $125\mu\text{g}/\text{m}^3$. Það eru sömu mörk og eru í Evrópskum loftgæðareglugerðum. Umhverfisstofnun vekur athygli á að Alþjóða heilbrigðisstofnunin (WHO) gaf árið 2005 út ný viðmið varðandi leiðbeinandi mörk fyrir loftgæði. http://whqlibdoc.who.int/hq/2006/WHO_SDE_PHE_OEH_06.02_eng.pdf. Þar er setur WHO leiðbeinandi mörk fyrir sólahringsmeðaltal SO_2 við $20\mu\text{g}/\text{m}^3$. Það eru talsvert strangri mörk en eru í íslenskum og evrópskum reglugerðum þar sem sólahringsmörkin eru $125\mu\text{g}/\text{m}^3$. Ekkert hefur verið ákveðið með hvort reglur í Evrópu verði þrengdar í ljósi þrengri leiðbeinandi gilda hjá WHO. Framlögð gögn benda til að ekki verði farið yfir leiðbeinandi gildi WHO í byggð á Húsavík.

Á bls. 33 í frummatsskýrslunni er fjallað um möguleg samlegðaráhrif af losun annara verksmiðja sem eru í farvatninu á Bakka eins og t.d. mögulegar verksmiðjur Thorsil og Saint Goban. Fram kemur að ekki liggja enn fyrir nægjanleg gögn frá öðrum hugsanlegum rekstraraðilum til að reikna möguleg samlegðaráhrif. Umhverfisstofnun bendir á nauðsyn þess að við frekar uppbyggingu á svæðinu verði hugað að mögulegum samlegðaráhrifum loftmengunarefna, sérstaklega SO_2 .

Umhverfisstofnun telur umfjöllun um loftgæði í frummatsskýrslu góða og ítarlega.

Loftgæði munu versna umtalsvert miðað við núverandi ástand. Loftmengun af völdum verksmiðju PCC á Bakka mun þó ein og sér verða innan viðmiðunarmarkna íslenskra reglugerða.

Hljóðvist

Talið er að hljóðstig í íbúðasvæði í næsta nágrenni verksmiðjunnar verði innan marka reglugerðra nr. 724/2008 um hávaða. Á lóðamörkum er hins vegar talið að ekki verði unnt að uppfylla kröfur umræddrar reglugerðar nema að tilkomi mótvægisáðgerðir til að draga enn frekar úr hávaða. Umhverfisstofnun vill varpa fram þeirri spurningu hvort hér sé um eiginlegar mótvægisáðgerðir að ræða þar sem um er að ræða áðgerðir sem ráðist væri í til þess að hávaði á lóðamörkum verði á rekstrartíma verksmiðjunnar í samræmi við ofangreinda reglugerð.

Gróður

Gróðurfélög á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði eru nokkur og er lyngmói áberandi. Graslendi er einnig áberandi. Tegundafjölbreytni er nokkuð mikil, en hvorki er talið að hér sé að finna plöntur á valista né plöntur sem eru sjaldgæfar á landsvísu.

Í frummatsskýrslu er fjallað nokkuð um mögulegar mótvægisáðgerðin vegna röskunar á gróðurlendi. Á það er bent að örðugt getur verið að endurheimta sum þeirra gróðursamfélaga sem eru á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði.

Votlendi hefur um nokkurra ára skeið verið endurheimt að því er virðist með góðum árangri. Umhverfisstofnun leggur því til að sem mótvægisáðgerð verði endurheimt votlendi í stað þess gróðurlendis sem raskað verður óháð því hvort um votlendi sé að ræða.

Fuglalíf

Þeir fuglar sem talið er að geti orðið fyrir áhrifum vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar eru algengir hvort sem litið er til stofna á landsvísu eða innan landshlutans. Ekki er talið að fyrirhuguð framkvæmd muni hafa áhrif á fugla á válista.

Landslag og ásýnd

Umhverfisstofnun telur umfjöllun um þessa þætti í frummatsskýrslu mjög ítarlega og góða. Gerð er grein fyrir þeim þáttum sem ráða verðmætum viðkomandi svæða. Svæðið í næsta nágrenni fyrirhugaðrar verksmiðju eru ekki ósnortin, þó eru þar engar meiri háttar byggingar eða mannvirki. Áhrif á landslag eru talin varanleg og óafturkræf vegna landmótunar á iðnaðarlóð.


Sjónræn áhrif eru talin verða talsvert neikvæð, varanleg vegna langs endingartíma mannvirkja en að mestu afturkræf.


Niðurstaða

Að teknu tilliti til ofangreindra þátta telur Umhverfisstofnun að umrædd framkvæmd muni hafa talverð neikvæð áhrif á loftgæði og á landslag og ásýnd svæðisins. Unnt er að draga nokkuð úr áhrifum framkvæmdarinnar með mótvægisáðgerðum sérstaklega á gróðurfar og loftgæði. Áhrif á loftgæði verða þó innan þeirra marka sem íslenskar reglugerðir setja mengandi starfsemi.

Vegna umfangs og eðlis umræddrar þeirrar starfsemi sem hér um ræðir telur Umhverfisstofnun að fyrirhuguð framkvæmd muni hafa talsvert neikvæð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst


Ólafur Arnar Jónsson
Sviðsstjóri



Björn Stefánsson
Sérfræðingur